

221. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 12. maí 2023 kl. 13:30

Mætt: Elín Þórdís Pálsdóttir (fulltrúi nemenda), Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri), Fríða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Olga Lísu Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir (skipuð af ráðherra).

Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari) boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1) Staðan á Reykjum - OLG
- 2) Heimavistarmál - OLG
- 3) Næsta skólaár (ráðningar, innritun, aðstaða o.fl.) - OLG/BEB
- 4) Ferilbók í iðnnámi - OLG
- 5) Önnur mál:
 - a. Nýr formaður nemendaráðs
 - b. Lengd náms og árangur (styttingin)
 - c. Sérnámsnemendur og tengsl við atvinnulífið

Formaður setur fundinn og býður nýjan formann nemendafélagsins og nýjan fulltrúa foreldra velkomna.

1) Staðan á Reykjum - OLG

Olga Lísu fór yfir helstu atriði er varða niðurrif ónýtra bygginga og endurbætur á húsnæðinu að Reykjum. Áætlaðar um 116 milljónir í verkið. Stefnt að því að rífa Húsið og Fjósið. Þá kemur til með að vanta geymslur fyrir það sem geymt er þar. Þetta er í ferli.

Rætt um tilraunahúsið og notkunina á því og samstarfið við LBHÍ – skýrist í haust hvort og þá hve miklir styrkir fást til frekari tilrauna sem fram fara þar og LBHÍ mun fá til afnota.

Olga fór yfir málefnið um búnað á Reykjum. LBHÍ tók til sín Bobcat og traktor þ.a. FSu þurfti að kaupa slíkar vélar og annan búnað sem einnig fór upp á Hvanneyri.

Framtíðarnefndin er búin að fara yfir þörfina á húsnæði á Reykjum. Brýnast er að byggja yfir skruðgarðyrkjuna og blómaskreytinguna og gróðurhús yfir ákveðna tegund af gróðri. Ljúka þarf framkvæmdum við Skálann.

Rekstur byggir á fjölda nemenda og ígildum sem skólinn fær v hvers nemanda.. Nemendur eru fáir og fæstir í fullu námi. Stóra verkefnið er að fá ungt fólk sem ætlar að leggja greinina fyrir sig inn í skólann.

Vantar fleiri nemendur í skólann og jafnframt þarf auka tenginguna við FSu.

Olga fór yfir kostnað það sem af er ári. Rekstrarkostnaður frá 1.8.2022-20. 5. 2023 eru um 148 milljónir. Húsaleigan verður um 60 milljónir.

Olga ræddi um kostnað við Sumardaginn fyrsta og hvort sú hátíð skili sér til okkar sem nemendakynning. Það er ekki víst.

Framtíðarnefndin hefur fengið upplýsingar um sambærilega skóla erlendis til að byggja á sína úttekt og skýrsla nefndarinnar er væntanleg. Olga hefur hug á að skoða skóla t.d. í Hollandi.

2) Heimavistarmál – OLG

Olga Lísu fór yfir heimavistarmálin. Gerum eins árs samning í einu við heimavistina þar sem okkur er ekki heimilt að gera lengri samning. Þurfum annað húsnæði, það hentar ekki og alls ekki þar sem það er með ferðaþjónustu á neðri hæðinni.

Við ætlum sjálf að sjá um gæsluna í framtíðinni. Reglan hefur verið sú að nemendur hafa farið heim um helgar en það er e.t.v. ekki hægt að krefjast þess þegar nemendur eiga um langan veg að fara. FSRE munu gera lengri samning um heimavist eftir næsta skólaár.

Hætt er við því að við sprengjum heimavistina þar sem flestir nemar sem voru á vistinni í vetur hyggjast vera áfram og síðan eiga nýnemarnir eftir að bætast við. Þurfum mögulega að auglýsa eftir húsnæði meðal bæjarbúa þegar málin skýrast með aðsókn í lok innritunar 8. júní.

Jóhanna Ýr segir frá hópi sem skipaður var til að fara yfir heimavistarmálin. Hópurinn gerir ráð fyrir leigu til þriggja ára og síðan byggingu heimavistar. Nú er verið að gera tímalínu varðandi byggingar framhaldsskóla landsins.

3) Næsta skólaár (ráðningar, innritun, aðstaða o.fl.) - OLG/BEB

Björgvin fór yfir aðsóknartölur í verknámið, en þar nálgumst við það að vera með mettölur.

Braut	Val í FSu	Umsóknir
Rafmagn	18	16
Húsasmíði	20	22
Vélvirkjun	12	9
Sjúkraliðar	6	7
Hestamennska	3	14

Umræða var m.a. um pláss og plássleysi í iðnnáminu og vöntun á kennurum en Olga Lísá nefndi að auglýst hafi verið eftir vélvirkjakennara en engin umsókn hefur borist.

Olga segir frá því að við tókum inn 27 nemendur á sérnámsbrautina og þar eru nokkrir „þungir“ nemendur. Við þurfum að ráða fleiri stuðningsfulltrúa.

Olga segir frá því að 6 starfsmenn sem hafa lokið störfum verði kvaddir við brautskráninguna.

Olga segir frá því viðhaldi sem fyrirhugað er á skólahúsnaðinu. Endurnýja þarf gler í stóra glugganum og gulu klæðninguna. Verður líklega ekki byrjað á því í sumar.

Olga segir frá því að knúið hefur verið á að við tækjum upp kennslu í pípulögnum. Vitað er um pípulagningarmeistara sem er í kennararéttindanáminu og gæti tekið að sér kennslu ásamt öðrum meisturum. Um næstu áramót er fyrirhugað að taka upp kvöldkennslu í pípulögnum.

Kvöldskólinn, sem nú er keyrður í rafmagni og húsasmíði, klárast um næstu jól. Kennarar þar hafa beðist undan því að halda því áfram í beinu framhaldi.

4) Ferilbók í iðnnámi – OLG

Olga Lísá útskýrði ferilbókina og fór yfir það sem nú er í gangi hvað varðar hana. Framtíðin er sú að ferilbókinni þarf að vera lokið (10% mega þó vera eftir) þegar nemandi er útskrifaður úr náminu.

Fyrirtæki sem ætla að taka nema þurfa að skrá sig á birtingaskrá hjá Menntamálastofnun. Á Suðurlandi er vöntun á fyrirtækjum t.d. í málmsmíði.

Nemendur gætu þurft að skipta um meistara til að ná að ljúka öllum þáttum sem eru í ferilbókinni.

Ákveðin umsýsla er varðandi ferilbókina og ákveðið hefur verið að skólarnir rukki 11.000,- krónur fyrir á önn á meðan nemandi er að ljúka henni.

5) Önnur mál:

a) Nýr formaður nemendaráðs - EBP

Formaðurinn gerir grein fyrir sér og kynnir hugmyndir að starfi næsta vetrar. Nemendaráðið ætlar að vera með nýlegri nýnemaferð, góðgerðaviku, söngkeppni með öðru sniði þar sem hætt hefur verið við söngkeppni framhaldsskólanna. Þess í stað er fyrirhugað að hafa hæfileikakeppni. Tvö böll eru fyrirhuguð auk kvöldvaka.

Jákvæð umræða spannst um kórinn nýstofnaða. Skólanefndin fagnar því að hann sé kominn aftur til leiks.

b) SE spyr um viðhorf skólameistara til þriggja ára stúdentsnáms og árangur nemenda.

Olga Lísu nefnir að nemendur hafi, fyrir styttingu, getað lokið á þremur til þremur og hálfu ári. Sumt nám líður fyrir styttinguna, t.d. þriðja tungumálið. Nú eru líka færri einingar að baki í raungreinum þegar nemendur útskrifast. Álagið á nemendur er mikið og helgast líka af mikilli vinnu nemenda með skóla auk áhugamálanna.

Olga Lísu segir frá könnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir háskólaráðuneytið. Þar kemur fram að margir taka sér hlé eftir nám í framhaldsskóla áður en háskólanámið hefst.

c) Sérnámsnemendur og tengsl við atvinnulífið - FRS

Olga Lísu segir frá því að FSu sé með tengsl við fyrirtæki á skólasvæðinu. Nemendur á sérnámsbraut fara þannig í þjálfun á skólatimma. Mikilvægt að nemendur nýti sér öll fjögur árin en þau mega útskrifast eftir 3 ár.

Næsti fundur verður haldinn að Reykjum föstudaginn 29. september kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15:24.

Fundargerð ritaði Björgvin E. Björgvinsson.